

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna lágmarkskrafna fyrir tiltekin olúflutningaskip.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 55. tölulið XIII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Eftirtaldin EBE tilskipun öðlast því gildi, sbr. 1. mgr.:

1. Tilskipun ráðsins nr. 79/116/EBE frá 21. desember 1978 um lágmarkskröfur fyrir tiltekin tankskip sem koma til eða fara frá höfnum í bandalagslöndum. (Nr. 55 í XIII. viðauka)

Ásamt breytingu:

Tilskipun ráðsins nr. 79/1034/EBE frá 6. desember 1979.

Framangreind tilskipun er birt í sértili, samanber auglýsingu í C- deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

2. gr.

Samgönguráðuneytið mun gefa út gerðir XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í sértili.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 samanber 4. gr. laga nr. 62/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.